

Fundargerð skólaráðs 12.12.12 kl.8:40

Á fundinn mættu Ingbór Guðmundsson fulltrúi foreldra, Elsa Kristín Kay Frandsen fulltrúi nemenda, Sindri Benedikt Gíslason fulltrúi nemenda, Jens Guðjón Einarsson fulltrúi kennara, Anna Hlöðversdóttir fulltrúi almennra starfsmanna og Svava Bogadóttir skólastjóri.

Hannes Birgir Hjálmarsson fulltrúi kennara var veikur og vantaði annan fulltrúa foreldra.

- Svava fór yfir tilgang skólaráðs og starf og hvatti fulltrúa til að vera virkir. Mikilvægt að allir séu undirbúnir undir fundina og að Jens sem heldur utan um nemendaráð taki þann undirbúning sérstaklega með nemendum. Skólaráð þarf að finna fulltrúa grenndarsamfélags svo ráðið verði fullskipað.
- Farið var yfir Skólanámskrá 2012-2013 og jafnframt sagt frá því að mikil vinna er í gangi við undirbúning skólanámskrár sem á að vera tilbúin haustið 2014. Sú námskrá er unnin samkvæmt nýrri aðalnámskrá grunnskóla frá 2011.
- Farið yfir Starfs- og sjálfsmatsáætlun skólans fyrir 2012-2013
- Umræða um niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10.bekk og lásu fundarmenn fréttayfirlýsingu sem skólinn sendi frá sér og birt var í Víkurfréttum:

Ánægjulegar niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum í Stóru-Vogaskóla

Nú eru komnar niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum sem lögð voru fyrir nemendur í 4., 7. og 10.bekk. Niðurstöður þeirra benda til þess að skólinn sé á hárréttri leið að settu markmiði. Prófin veita nemendum, foreldrum og skólum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda, og nýtast skólanum í áframhaldandi vinnu í íslensku, ensku og stærðfræði en það eru einu greinarnar sem prófað er úr.

Undanfarin ár hefur frammistaða nemenda á samræmdum prófum farið batnandi enda hefur skólinn markvisst nýtt niðurstöður þeirra og þær verið leiðbeinandi um áherslur í kennslu fyrir einstaka nemendur eins og þeim er ætlað.

Í fjórða bekk er skólinn langt yfir landsmeðaltali í stærðfræði. Sjöundi bekkur er á réttari leið en eru heldur sterkari í stærðfræði. Tíundi bekkur er langt yfir landsmeðaltali í ensku, við landsmeðaltal í íslensku og stutt er í land í stærðfræði.

Þessar ánægjulegu niðurstöður eru afrakstur góðrar samvinnu nemenda, kennara og foreldra.

Fulltrúi foreldra lýsti yfir ánægju sinni með þessar niðurstöður.

Önnur mál:

Skólastjóri sagði frá því að tveir fulltrúar úr nemendaráði komu fyrir nokkrum vikum síðan og báðu um leyfi til að selja nesti fyrir unglunga í frímínútum, t.d. samlokur. Rætt var um bréf sem þá var nýbúið að senda til foreldra um hollan hádegismat og hollt nesti. Þeim leist vel á þá hugmynd að skera ávexti í bita og selja í skálum. Minni vinna í kringum það og virkaði spennandi. Ekkert hefur þó farið af stað svo nemendur og kennarafulltrúi fengu það hlutverk að kanna hvort vilji er fyrir þessu. Skólaráð var sammála því að vert væri að prófa.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:30

Svava Bogadóttir ritaði fundargerð.